

Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 29. maí 2024

Rjúpnatalningar 2024

Rjúpnatalningum á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands vorið 2024 er lokið. Talningar sýndu nokkrar breytingar á fjölda rjúpna samanborið við árið 2023 en leitnin var ólík eftir landshlutum. Á Suðurlandi, Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðvesturlandi var almenna reglan fækkun á milli ára og miðað við síðustu 20 ár er stofninn yfir meðallagi að stærð í þessum landshlutum. Á Norðausturlandi og Austurlandi fjölgaði rjúpum en það var þó ekki einhlítt og á nokkrum talningasvæðum var fækkun. Miðað við stofnvísitölur er rjúpnastofninn í þessum tveimur landshlutum um eða yfir meðaltali að stærð. Reglubundnar 10–12 ára langar sveiflur í stofnstærð hafa einkennt íslenska rjúpnastofninn en þær eru ekki lengur við lýði. Það er helst rjúpnastofninn á Norðausturlandi sem virðist enn sýna reglubundnar sveiflur en mun styttra er nú á milli hámarka en áður eða um fimm ár. Niðurstöður aldursgreininga úr varpstofni rjúpu 2024 verða kynntar í byrjun júlí n.k. og í lok júlí verður viðkoma rjúpunnar metin.

Árlegum rjúpnatalningum á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands er lokið og voru rjúpur taldar á 33 svæðum í öllum landshlutum. Snjóalög voru til trafala á Vestfjörðum og Norðausturlandi en annars voru skilyrði yfirleitt góð. Alls sáust 1810 karrar. Talningarnar voru unnar í samvinnu við Náttúrustofu Vestfjarða, Náttúrustofu Norðvesturlands, Náttúrustofu Norðausturlands, Náttúrustofu Austfjarða, Vatnajökulsþjóðgarð, Skotvís, Fuglarannsóknastöð Suðausturlands og áhugamenn um rjúpur. Um 35 manns tóku þátt í talningunum að þessu sinni.







Talningar síðustu 20 ára sýna að rjúpnastofninn rís og hnígur og að stofnbreytingar hafa verið úr fasa á milli landshluta (1. mynd). Stofnbreytingar rjúpu 2023 til 2024 voru ólíkar eftir svæðum og landshlutum. Samanlagt fyrir öll talningarsvæði var aukning á milli ára að jafnaði um 5% en miðgildið var 0% eða kyrrstaða. Á Suðurlandi, Vesturlandi og Norðvesturlandi var greinileg fækkun 2023 til 2024, og sama á líklega við um Vestfirði. Á talningasvæðum á Norðausturlandi og Austurlandi var almennt aukning eða að meðaltali um 22% en þetta var þó ekki einhlítt og á nokkrum svæðum fækkaði rjúpum (1. mynd). Miðað við niðurstöður talninga frá síðustu 20 árum þá er rjúpnafjöldinn 2024 yfir meðallagi á Suðurlandi, Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðvesturlandi, og um eða yfir meðallagi á Norðausturlandi og Austurlandi.

Miðað við fyrirliggjandi gögn, sem ná aftur til seinni hluta 19. aldar, er hefðbundin lengd stofnsveiflu íslensku rjúpunnar 10–12 ár en frávik eru tíð. Skipulagðar rjúpnatalningar hófust 1963 og þær sýna að stofninn var í hámarki um allt land vorið 1966, en enginn merkjanlegur toppur var á 8. áratugnum. Aftur voru greinilegir toppar á 9. og 10. áratug síðustu aldar. Í kjölfar friðunar rjúpu 2003 og 2004 óx stofninn og var hámark á Norðausturlandi vorið 2005 og svo aftur 2010, 2015 og 2019 (1. mynd). Stofnbreytingar í öðrum landshlutum hafa verið óreglulegri. Þessar breytingar á lengd stofnsveiflunnar hafa komið verulega á óvart. Ljóst er að rötækar breytingar hafa orðið á stofnvistfræði rjúpunnar eftir 2003 og stofnsveiflan líkt og við þekktum hana er ekki lengur til staðar, hvað sem síðar verður.

Aðrir mikilvægir þættir í árlegri vöktun rjúpnastofnsins eru mælingar á aldurshlutföllum í varpstofninum og mat á viðkomu. Búið er að safna aldurshlutföllum fyrir varpstofninn og niðurstöður verða kynntar í byrjun júlí. Viðkoma rjúpunnar 2024 verður metin í síðari hluta júlí. Hægt er að skoða gagnaraðir úr vöktun rjúpunnar á vefslóðinni: <https://www.ni.is/is/rannsoknir/voktun-og-rannsoknir/voktun-rjupnastofnsins>

Nánari upplýsingar veitir Ólafur Karl Nielsen, okn@ni.is eða í sínum 5 900 500 og 843 9935.





1. mynd. Niðurstöður karratalninga á nokkrum vegsniðum í mismunandi landshlutum 1999–2024. 0-línan á y-ásnum lýsir meðalástandi stofns á viðkomandi svæðum



Rjúpnatalningar 2024 – yfirlit

Svæði	Hvernig talið	Stærð sniðs/reits	Úrtak 2024 (karrar séðir)	Karrar á ferkm		Munur (%)	Vöxtur milli ára (% meðaltal)
				2023	2024		
Vesturland							-21%
Reykjanes	Vegsnið	73 km	39	3,17	2,31	-27	
Innnes	Vegsnið	86 km	29	3,63	1,18	-67	
Mosfellsheiði	Vegsnið	41 km	41	2,29	1,91	-17	
Litli-Langidalur	Reitatalning	1,5 km ²	10	5,33	6,67	25	
Mýrar	Vegsnið	177 km	119	4,31	3,48	-19	
Dalir	Vegsnið	95 km	50	2,41	1,86	-23	
Vestfirðir							-10%
Steingrímsfj.-Reykhólar	Vegsnið	127 km	110	2,76	3,5	27	
Steingrímsfj.-Djúp	Vegsnið	168 km	38	1,11	0,59	-47	
Norðvesturland							-22%
Miðfjörður	Vegsnið	197 km	108	4,01	2,93	-27	
Fítjárdalur	Göngusnið	60 km	17	3,63	1,79	-51	
Blönduós	Reitatalning	3,3 km ²	91	22,12	27,58	25	
Skagi	Vegsnið	114 km	56	2,10	1,59	-24	
Hegranes	Vegsnið	29 km	30	9,81	6,55	-33	
Norðausturland							23%
Hrísey	Reitatalning	7,7 km ²	151	16,49	19,61	19	
Krossanesborgir	Reitatalning	1,1 km ²	34	26,36	30,91	17	
Birningsstaðir	Reitatalning	5,7 km ²	41	4,21	7,19	71	
Laxamýri	Reitatalning	3,7 km ²	18	4,32	4,86	13	
Hóll	Reitatalning	2,4 km ²	27	9,17	11,25	23	
Tjörnes	Vegsnið	36 km	56	6,03	3,98	-34	
Hofsstaðir	Reitatalning	4,5 km ²	27	3,11	6,00	93	
Mývatn	Vegsnið	135 km	99	2,01	2,26	12	
Kelduhverfi	Vegsnið	94 km	52	2,15	1,65	-23	
Búrfellshraun	Reitatalning	2,5 km ²	7	3,60	2,80	-22	
Hólaheiði	Vegsnið	54 km	54	3,23	2,33	-28	
Slétta	Vegsnið	56 km	65	3,18	3,76	18	
Þistilfjörður	Vegsnið	27 km	65	3,92	6,71	71	
Bakkafjörður	Vegsnið	47 km	131	2,56	4,79	87	
Austurland							20%
Jökulsárhlíð	Reitatalning	4,5 km ²	46	8,00	10,22	28	
Rangá	Reitatalning	6,5 km ²	44	6,31	6,77	7	
Hérað	Vegsnið	128 km	111	3,54	2,50	-29	
Skaftafell	Reitatalning	14,1 km ²	13	0,99	0,92	-7	
Kvísker	Reitatalning	2,1 km ²	14	3,33	6,67	100	
Suðurland							-24
Suðurlandsundirlendi	Vegsnið	196 km	56	1,55	1,18	-24	
Karrar alls:			1810				
Reitir samtals:		60 km²		Meðaltal vaxtar		5	
Snið samtals:		1579 km		Miðgildi vaxtar		0	

